

Fundur var haldinn í Félagi austfirskra kvenna í Reykjavík, í safnaðarheimili Grensáskirkju mánudaginn 4. nóvember 2024 kl. 20:00.

Að meðtaldri stjórn mættu 67 á fundinn, félagskonur og gestir.

Oddný Vala Kjartansdóttir, formaður félagsins, setti fundinn. Hún lýsti yfir ánægju sinni með það hversu margar voru mættar til fundar. Hún bauð Margréti Sæberg frá *Logy fatnaði* að kynna sig og sínar vörur en Margrét mætti á fundinn með fullt af flottum fatnaði til kynningar og sölu. Fyrirtækið sinnir mikið félögum eldri borgara en er með flott úrval af fötum fyrir breiðan aldurshóp, eins og fundarkonur fengu að kynnast á fundinum.

Margrét bauð fundarkonum að skoða fatnaðinn eins og þær vildu og voru margar sem nýttu tækifærið að skoða, máta og kaupa sér góðar flíkur á sanngjörnu verði. Margrét, sem átti heima á Stöðvarfirði um tíma, sagði skemmtilega sögu af því hvernig hún missti trúna á jólasveina á meðan hún bjó á staðnum.

Benný Sif Ísleifsdóttir rithöfundur frá Eskifirði las upp úr nýrri bók sinni sem ber heitið *Speglahúsið*. Í bókinni er sagt frá hárgreiðslukonu á mölinni sem flytur til Mjóafjarðar. Fundarkonur gátu keypt eintak af bókinni og hafa spenntir bókakaupendur örugglega hafið lestur á bókinni um leið og komið var heim.

María Bóel Guðmundsdóttir söngkona úr Neskaupstað söng þrjú frumsamin lög við eigin undirleik á píanó. María Bóel á þessa stundina lag sem fær töluverða spilun á útvarpsstöðum. Lagið heitir *7 ár síðan*. María Bóel heillaði fundarkonur með sinni blíðu og fallegu söngrödd og framkomu.

Kaffihlaðborðið svignaði af kræsingum enda var kaffinefndin vel mönnuð. Formaður þakkaði kaffinefndarkonum kærlega fyrir framlag þeirra til fundarins.

Það var mikið fjör á fundinum og spjallað í hverju horni. Bæta þurfti við stólum og borðum til að koma öllum fyrir og er ánægjulegt hversu vel var mætt.

Formaður minnti á desemberfund félagsins sem haldinn verður 2. desember nk. Á þeim fundi verður hið sívinsæla jólahappdrætti en dagskrá verður auglýst þegar nær dregur.

Formaður þakkaði góðan fund og sleit formlegri dagskrá. Fundarkonur héldu svo áfram að spjalla og njóta samverunnar í góða stund til viðbótar.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari